

## Fjórða stig

Fjórða stigsprófið í söng er þreytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði M1**. Ætlast er til þess að nemendur í fjórða stigi eigi kennslubækur, æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok fjórða stigs eiga söngnemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt.
- andi eðlilega og úthald sé í samræmi við auknar kröfur þessa námsáfanga.
- hafi náð góðum tókum á tónmyndun og samræmingu raddsviða.
- hafi náð góðum tókum á inntónun.
- sýni skilning á sérhljóða- og samhljóðamyndun.
- syngi með skýrum textaframburði.
- hafi náð allgóðum tókum á þýskum textaframburði.
- hafi náð allgóðum tókum á enskum textaframburði.
- hafi náð allgóðum tókum á ítölskum textaframburði.
- hafi náð allgóðum tókum á dönskum, norskum eða sænskum textaframburði.
- hafi kynnst textaframburði á frönsku eða spænsku.
- syngi með greinilegum styrkleikabreytingum.
- geti gert skýran mun á staccato og legato.
- hafi öðlast skilning á innihaldi þeirra ljóða og texta sem fengist var við í náminu.
- sýni nákvæmni í nótnalestri og úrvinnslu, þ.m.t. hraðavali, styrkleikabreytingum og öðrum leiðbeinandi táknum.
- hafi gott hrynskyn.
- geti lesið og sungið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í seinni hluta grunnnáms.
- hafi kynnst flutningi tónlesa (recitativa).
- hafi þjálfast í ýmiskonar samleik og samsöng.
- skilji algengustu taktslög og bendingar stjórnanda.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi komið reglulega fram á tónleikum innan skólans.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á fjórða stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

### Nemanda hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi:

- tónsköpun
- spuna
- röddun sönglaga

### Nemandi sýni eftirfarandi atriði í mæli sem eðlilegt getur talist eftir tveggja til fjögurra ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samsöng
- öruggan og sannfærandi söng
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

### Uppsetning fjórða stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á fjórða stigsprófi eru níu. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Verk skulu flutt utanbókar og efnisskráin endurspeglar mismunandi stíltegundir og tímabil. Verk skulu vera á ekki færri en þremur tungumálum, að íslensku meðtalinni. Nemandi undirbýr þrjú söngverk og leggur að auki fram lista með sex verkum og velur prófdómari eitt þeirra til flutnings. Alls eru því undirbúin níu verk til prófs auk valverkefnis.

#### 1. Æfingar (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

#### 2. Verk 1 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

#### 3. Verk 2 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

#### 4. Verk 3 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

#### 5. Verk 4 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

**Í þessum þætti skal leggja fram lista með sex söngverkum sem prófdómari velur úr.**

#### 6. Verk 5 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

**Í þessum þætti skal leggja fram lista með sex söngverkum sem prófdómari velur úr.**

#### 7. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- Syngja verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.
- Spinna út frá gefnu upphafi, hljómfæri eða lagi með eða án undirleiks.
- Syngja frumsamið verk eða eigin útsetningu.

#### 8. Lestur af blaði (10 stig)

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms.

#### 9. Heildarsvipur (5 stig)

Mat prófdómara á heildarsvipi prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samsöng, öruggur og sannfærandi söngur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.

## Miðpróf

Miðpróf í söng er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Miðpróf eru aðeins dæmd af Prófanend tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum. Miðprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **samræmdu miðprófi Prófanefndar í tónfræði** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófanefnd. Ætlast er til þess að nemendur eigi kennslubækur, æfingabækur og nótur í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok miðnáms eiga söngnemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt.
- andi eðlilega og úthald sé í samræmi við auknar kröfur þessa námsáfanga.
- hafi náð góðum tókum á tónmyndun og samræmingu raddsviða.
- hafi náð góðum tókum á inntónun.
- sýni skilning á sérhljóða- og samhljóðamyndun.
- syngi með skýrum textaframburði.
- hafi náð allgóðum tókum á þýskum textaframburði.
- hafi náð allgóðum tókum á enskum textaframburði.
- hafi náð allgóðum tókum á ítölskum textaframburði.
- hafi náð allgóðum tókum á dönskum, norskum eða sænskum textaframburði.
- hafi kynnst textaframburði á frönsku eða spænsku.
- syngi með greinilegum styrkleikabreytinum.
- geti gert skýran mun á staccato og legato.
- hafi öðlast skilning á innihaldi þeirra ljóða og texta sem fengist var við í náminu.
- sýni nákvæmni í nótnalestri og úrvinnslu, þ.m.t. hraðavali, styrkleikabreytingum og öðrum leiðbeinandi táknum.
- hafi gott hrynskyn.
- geti lesið og sungið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms.
- hafi þjálfast í flutningi tónlesa (recitativa).
- hafi þjálfast í ýmiss konar samleik og samsöng.
- skilji algengustu taktslög og bendingar stjórnanda.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi komið reglulega fram á tónleikum innan skólans.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á miðprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

**Nemanda hafi gefist kostur á að velja hvort og að hversu miklu leyti hann sinnir eftirfarandi atriðum:**

- tónsköpun
- spuna
- röddun sönglaga

**Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir þriggja til fimm ára nám:**

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- ýmis blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samsöng
- öruggan og sannfærandi söng
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

### Uppsetning miðprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á miðprófi eru níu. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Verk skulu flutt utanbókar og efnisskráin endurspeglar mismunandi stíltegundir og tímabil. Verk skulu vera á ekki færri en þremur tungumálum, að íslensku meðtalinni. Nemandi undirbýr þrjú söngverk og leggur að auki fram lista með sjö verkum og velur prófdómari eitt þeirra til flutnings. Alls eru því undirbúin tíu verk til prófs auk valverkefnis.

#### 1. Æfingar (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

#### 2. Verk 1 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

#### 3. Verk 2 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

#### 4. Verk 3 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

#### 5. Verk 4 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

**Í þessum þætti skal leggja fram lista með sjö söngverkum sem prófdómari velur úr.**

#### 6. Verk 5 (12 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár í einsöng

**Í þessum þætti skal leggja fram lista með sjö söngverkum sem prófdómari velur úr.**

#### 7. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- Syngja verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni.
- Spinna út frá gefnu upphafi, hljómfærli eða lagi með eða án undirleiks.
- Syngja frumsamið verk eða eigin útsetningu.

#### 8. Lestur af blaði (10 stig)

Smáæfing sambærileg verkefnum sem fengist var við í fyrri hluta miðnáms.

#### 9. Heildarsvipur (5 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samsöng, öruggur og sannfærandi söngur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.